

Deiliskipulag fyrir Geysissvæðið í Haukadal

Lýsing á skipulagsverkefni
16.september 2014



Bláskógabyggð

-

Landmótun sf.



Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
1. Efni og umfang deiliskipulags.....	4
2. Fyrirliggjandi stefna og aðrar áætlanir.....	4
3. Staðhættir og umhverfisaðstæður.....	7
4. Eignarhald lands.....	7
5. Fornleifar.....	8
6. Samgöngur.....	9
7. Áhrif breyttrar aðkomu að svæðinu.....	10
8. Áhrifa- og umhverfispættir.....	10
9. Viðmið.....	10
10. Upplýsingaöflun og aðferðarfræði.....	13
11. Kynning og samráð.....	13
12. Ferlið.....	13
13. Heimildarskrá.....	14
14. Viðauki.....	15

1. Inngangur

Vinna við gerð deiliskipulags fyrir Geysissvæðið mun m.a. byggja á vinningstillögu í - Hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Geysissvæðisins í Haukadal - sem haldin var 2013 - 2014. Vinningstillagan gerði einnig ráð fyrir nýrri legu Biskupstungnabraut sunnan byggðar.

Í þessari vinnu við deiliskipulag verður breytt lega vegarins könnuð af þar til bærum aðilum. Ef könnun leiðir í ljós að flutningur Biskupstungnabrautar sé æskilegur fyrir framtíðar uppbyggingu á Geysissvæðinu mun það verða tekið upp síðar við endurskoðun aðalskipulags Bláskógabyggðar sem nú stendur yfir.

Afmörkun deiliskipulagsins er hverasvæðið umhverfis Geysi og Strokk. En athugunarsvæði/áhrifasvæði deiliskipulagsins mun taka til stærra svæðis.

Samstarf og/eða samráð verður við aðra skipulagsráðgjafa sem koma að skipulagsvinnu á aðliggjandi svæðum.

1. Efni og umfang deiliskipulags.

Markmiðið er að bæta aðgengi og frágang á umhverfi Geysissvæðisins sem hefur látið ásjá með auknum ferðamannastraumi. Áhrifa breyttrar aðkomu að svæðinu verður metin með tilliti til öryggis og upplifunar fyrir ferðamenn og almennrar uppbyggingar á svæðinu í heild sinni.


Deiliskipulagið mun sýna áform um uppbyggingu stíga og áningarstaða á hverasvæðinu, aðkomu að svæðinu og tengingu við þjónustukjarnann. Lagðar verða til breytingar á eldri skipulögum til aðlögunar nýjum tillögum ef þess gerist þörf og ef þess yrði óskað.

2. Fyrirliggjandi stefna og aðrar áætlanir


Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2000-2016, millistig með áorðum breytingum er í endurskoðun.

Í gildandi aðalskipulagi svæðið við Geysi skilgreint sem miðstöð ferðamanna í Uppsveitum Bláskógabyggðar. Landnotkun Geysissvæðisins og nærliggjandi umhverfis er skilgreind sem verslun og þjónusta, íbúðir, stofnanir og opin svæði til sérstakra nota.


Í lok árs 2013 var efnt til „Hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Geysissvæðisins í Haukadal“. Vinningstillagan sem unnin var af Landmótun í samstarfi við ARGOS arkitekta, Einar Á. E. Sæmundsen landslagsarkitekt og Gagarín ehf. auk annarra verðlaunatilлага þeirrar keppni verða hafðar til hliðsjónar við mótun nýs deiliskipulags fyrir svæðið.



Mynd 2-1. Hluti úr aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2000-2016 sem er í endurskoðun með áorðnum breytingum. (Heimild: Steinsholt sf.)



Mynd 2-2. Samþykkt deiliskipulög við Geysi og nágrenni. (Heimild: Skipulagsvefsjá ofl.)



Mynd 8-1. Áhrifasvæði umhverfi Geysi í Haukadal sem tengist skipulagsvinnu.

Nærsvæði - Deiliskipulög innan þess svæðis sem nýtt deiliskipulag mun snerta.

Ferðapjónustusvæðið við Hótel Geysi og Geysisstofu. Samþykkt 28.7.2009.

Íbúðarhús, Haukadalur II. Samþykkt 30.12.2003.

Tjaldsvæði í landi Laugar við Hótel Geysi. Samþykkt í B-deild 23.5.2013.

Haukadalur III, Frístundabyggð og golfvöllur. Samþykkt 13.3.2003. Endurskoðað október 2012

Fjarsvæði - Deiliskipulög á áhrifasvæðis nýs deiliskipulag - verður kannað.

Frístundalóðir í landi Brúarhvatns, Biskupstungum. Samþykkt 4.9.2007

Haukadalur II – Flugbrautarvegur. Samþykkt 26.6.2007

Torta. Samþykkt 10.9.1996

Nokkur eldri deiliskipulag frá því fyrir sameining hafa ekki hlotið endanlega staðfestingu í B.deild Stjórnartíðinda.

Haukadalur – Frístundabyggð á lðavöllum. Útgefið 9.júní 2000.

Í umhverfisskýrslu verður fjallað nánar um tengsl við aðrar áætlanir og hvernig deiliskipulagið samræmist gildandi aðalskipulagi og öðrum áætlunum sveitarfélagsins og stjórnvalda.

3. Staðhættir og umhverfisaðstæður

Geysissvæðið er nefnt eftir þekktasta goshver hverasvæðisins. Innan hverasvæðisins má finna þó nokkra hvera en þar ber helst að nefna: Strokk, Blesa og Konungshver. Hverasvæðið liggur í hlíðum Laugafells sem er ávalur líparíthryggur í 184 m.h.y.s.. Áberandi drættir í landslagi svæðisins eru Bjarnarfell fyrir vestan Laugafell en í norðri Sandfell, til austurs Haukadalsheiði en til suðurs er land öllu flatara. Sunnan við hverasvæðið hefur byggst upp þéttur og afmarkaður þjónustukjarni auk íbúabyggðar. Sunnan byggðarinnar rennur Beiná sem hefur verið virkjuð í tengslum við byggð á svæðinu. Vestan við hverasvæðið og norðan við Biskupstungnabraut er tjaldsvæði en austan við þjónustusvæðið er golfvöllur, nefndur Haukadalsvöllur.

Á Geysissvæðinu er kísilhverasvæði með samfelldum hverahrúðri. Mest allt land á og við Geysissvæðið er gróið eða 90%. Útbreiðsla gróðurs á svæðinu hefur verið hröð síðastliðin ár og hefur umbreytt ásjón þess. Fjölbreytileiki í gróðurfari er þó nokkur en kjarr- og skóglendi auk graslendis einkenna hlíðar Bjarnarfells og Laugafells. Í kringum 1960 var hafin trjárækt innan girðingarinnar við Geysi.

Meðfram Beiná er votlendi og þar er deig- og mýrlendi því ríkjandi. Sunnan við byggðina er stórt votlendissvæði nefnt Almennigur, sem nýtur hverfisverndar. Á votlendissvæðum í grennd við Geysissvæðið er auðugt fuglalíf og finnast þar fjórar tegundir á valista: grágæs, straumönd, rjúpa og hrafn.

Almennigur og hverasvæðið við Geysi eru bæði á náttúruminjaskrá en um þau segir:

Almennigur nr.737. Haukadalur og Almennigur, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. (1) Svæðið afmarkast af Laugaá, Beiná, Almenningsá, Tungufljóti og skógræktargirðingunni í Haukadal. (2) Hverasvæðið við Geysi og Haukadalur eru vinsælt útivistarsvæði. Áhugaverðar jarðmyndanir, m.a. líparít í Laugafelli og gamalt hverasvæði í Hvítamel. Almennigar er ósnortið mýrasvæði, eitt af fáum slíkum á Suðurlandi. Almennigur flokkast undir aðrar náttúruminjar.

Geysir, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. Hverasvæðið var í umsjá Geysisnefndar frá 1953 til ársloka 1990, en frá 1. janúar 1991 í umsjá Náttúruverndarráðs(síðar Umhverfisstofnunar). Stærð 15 ha. Hverasvæðið er flokkað undir „Önnur friðuð svæði“.

Hverasvæðið við Geysi er á lista Umhverfisstofnunar yfir náttúrusvæði í hættu. Bundnar eru vonir við að nú sé að hefjast tími endurbóta á svæðinu.

Jörðin Laug er í eigu ríkisins en núverandi íbúðarhús var byggt árið 1906 og telst því til fornleifa. Innan Geysissvæðisins eru 3 ágrafnir steinar nefndir Konungssteinar en þeir eru minnisvarðar um heimsóknir þriggja Danakonunga árin 1874, 1907 og 1921. Steinarnir eru ekki friðlýstir en hafa heimildagildi samkvæmt Fornleifavernd ríkisins. Hverasvæðið hefur um langt skeið verið á náttúruminjaskrá undir merkjum Haukadals og Almennings og auk þess njóta hverasvæðið og hverahrúðrið sérstakrar verndar samkvæmt lið d í 37. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.

4. Eignarhald lands

Eignarhald á landi á Geysistorfunni er nokkuð flókið og hefur verið að breytast m.a með sölu fristundahúsalanda. Gerð verður grein fyrir því eins og bestu heimildir leyfa og byggt á gögnum frá félagi landeigenda við Geysi svo og opinberum gögnum eftir því sem kostur er, frá Bláskógarbyggð svo og sýslumanni Árnessýslu.



Mynd 5-1. Eignarhald lands við Hverasvæðið í Haukadal. (Heimild: Haukadalur II – Landskiptakort. Landkostir hf.)

5. Fornleifar

Samkvæmt Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2000-2016 með síðari breytingum er friðlýstar fornleifar að finna á sex bújörðum innan Bláskógabyggðar og á Biskupstungnaafretti er að finna eina. Tvær af þessum jörðum eru á áhrifasvæði væntanlega deiliskipulags. Þær eru:

Helludalur: Þar er að finna þrjár friðlýstar fornleifar, tvær í bæjarstæðinu og ein í Laugatorfunni.
Haukadalur: Þar má finna eina staka fornleif, fornt steinker við Marteinslaug.

Þessar fjórar fornleifar má sjá rauðmerktar á mynd 3-1.

Að auki er bærinn Laug innan áætlaðra deiliskipulagsmarka en samkvæmt Fornleifaskráningu Fornleifaverndar ríkisins var bærinn reistur 1906.

Í greinagerð Aðalskipulags Bláskógabyggðar 2000-2016 með síðari breytingum, kemur fram að við skráningu fornleifa á árunum 1985-1986 hafi 142 minjar verið flokkaðar í A-flokk. En minjar í A-flokki er nauðsynlegt að kortleggja og leggja mat á. Sex af þessum 142 eru nefndar sérstaklega en ein af þessum sex er innan áætlaðra deiliskipulagsmarka. Það er gamla bæjarstæðið að Bryggju með útihúsum og túngarði.

Innan marka áætlaðs deiliskipulags eru eftirfarandi fornminjar í A-flokki og njóta þær hverfisverndar.

Númer	Bæjarheiti	Lýsing
8	Brú	Taugaveikishóll, bak við fjósið, þar sem grafinn var maður er lést úr taugaveiki og mátti ekki hreyfa við hólum í 60 ár. Grásteinn, þar sem býr huldukona samkvæmt draumum fólks á Brú. Dys á Langabakka sem fannst 1876. Í henni var nokkuð af munum sem nú eru varðveittir á Þjóðminjasafninu.
9	Bryggja	Bæjarstæði með útihúsum og túngarði. Eina bæjarstæðið í sveitinni sem varðveist hefur með öllum útihúsum og túngarði og ber því að varðveita það sem eina heild.
17	Haukadalur	Sprænuhúsatóft er undir Tungufjöti og hefur ekki verið notuð í manna minnum. Hún er dæmi um beitarrús. Umhverfi hennar er mjög sérstætt, allt skógi vaxið með smásprænum á milli. Marteinslaug. Friðlýst 1927. Bergþórsleiði. Konungasteinar, sem eru norðvestur af Geysi, eru merkilegir fyrir þá sök að á þá eru klöppuð fangamörk þriggja konunga Danaveldis sem allir komu að Geysi.
18	Helludalur	Glampi er fornt býli, við samnefndan læk, sem engar heimildir eru til um. Eitthvað er af tóftum þarna í kring, sem vafalaust hafa tilheyrt býlinu. Sumarfjósatóft er ein af örfáum fjóstóftum sem varðveist hafa í Biskupstungum. Fornt garðlag í neðri hluta túns sem er ofanvert á milli íbúðarhúsanna í Helludal. Það var friðlýst 1927. Goðatóftir, í túninu neðan við bæ Steinars, þar sem er talið vera fornt bæjarstæði of hof. Friðlýstar 1927. Þingbúðatóftir, friðlýstar 1927, í Laugartorfu stuttu norðan við Markagil, rétt neðan við sumarhús S.S.S. Þar fundust nú 4 tóftir en í eldri heimildum eru taldar 12 eða fleiri tóftir þar. Erfitt er að greina tóftirnar í skóginum.
30	Neðri-Dalur	Ólafsleiði, neðan við Ólafskofa. Öll leiði eru friðuð. Gamla Bæjarstæðið sem lagðist af vegna skriðu sem féll á bæinn fyrir 1709. Bænahús sem sagnir eru um en ekki er vitað hvar það var.

Tafla 6-1. Skráðar fornleifar í A-flokki samkvæmt Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2000-2016 með síðari breytingum (Heimild: Steinholt sf.)

Samráð verður haft við Minjastofnun Íslands ef nauðsynlegt reynist að raska fornminjum, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

6. Samgöngur

Biskupstungnabraut (Þjóðvegur 35) þjónar umferð að svæðinu en hún er staðsett á milli byggðarkjarnans og hverasvæðisins. Biskupstungnabraut liggur frá Suðurlandsvegi að Kjalvegi og tengir þannig saman Gullfoss og Geysi. Vegurinn er því mikilvægur hluti af samgöngukerfi Suðurlands. Austan við þjónustukjarnann tengist Biskupstungnabraut við Haukadalsveg (Þjóðvegur 333) sem liggur norður að Haukadalskirkju.

Meðalumferð á dag um Biskupstungnabraut yfir sumarmánuði ársins 2012 voru 1300 bílar og 251 bíll yfir vetrarmánuðina. Talningin var framkvæmd af Vegagerðinni, við bæinn Myrkholt á milli Gullfoss og Geysis. Stór hluti þessarar umferðar tengist ferðamennsku á svæðinu en samkvæmt Ferðamálastofu lögðu 72% erlendra ferðamanna á Íslandi leið sína á Þingvelli/Gullfoss/Geysi sumarið 2011 en það ár gerðu um 565.600 erlendir ferðamenn sér ferð til landsins. Spáð er að árlegur fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi gæti náð 1,5 milljón innan áratugar. Aðgengi að hverasvæði frá þjónustusvæði krefst þess að gengið sé yfir Biskupstungnabraut.

Göngu og reiðleiðir liggja að svæðinu og um það. Innan hverasvæðisins er ein hellulögð aðalgönguleið að Strokk og Geysi enn fremur gönguslóðar.

7. Áhrif breyttrar aðkomu að svæðinu.

Áhrif breyttrar aðkomu að svæðinu verður metin. Geysissvæðið er hluti af „Gullna hringnum“ og einn fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna á Íslandi. Kannað verður að flytja Biskupstungnabraut til og gefa Geysissvæðinu heilsteypari mynd og stuðla að auknu öryggi gesta á svæðinu. Við núverandi ástand þurfa ferðamenn að þvera Biskupstungnabraut á leið sinni frá þjónustukjarna svæðisins að hverasvæðinu. Færsla vegarins og gerð nýrra vegtenginga að þjónustusvæðinu gæti aukið aðskilnað ökutækja og gangandi vegfarenda og minnkað ónauðsynlega umferð um þjónustusvæðið. Núverandi vegur gæti nýst áfram sem tenging inn á þjónustusvæði og gönguleið fyrir gesti.

Áhrif uppbyggingar og aðstöðu innan þjónustusvæðisins við Geysi verða metin vegna flutnings vegalínu.

Biskupstungnabraut (Þjóðvegur 35) liggur frá Suðurlandsvegi við Selfoss að Kjalvegi (Þjóðvegur 35) við Gullfoss. Biskupstungnabraut liggur um nokkra þéttbýlisstaði, Reykholt í Biskupstungum og Borg í Grímsnesi og er mikilvæg tenging fyrir þær mörgu fristundabyggðir og býli sem finna má í nágrenninu.

Samráð verður haft við Vegagerðina, sem mun koma að athugun á nýrri veglínu.

8. Áhrifa- og umhverfispættir

Helstu þættir deiliskipulagsins sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum, eru vegagerð og efnistaka. Út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu voru umhverfispættir valdir og eru áhrifin mismikil á umhverfispætti eftir því hvort um ræðir vegagerð eða efnistöku.

Í umhverfisskýrslunni verður fjallað um eftirfarandi umhverfispætti:

- | | |
|--------------|---------------------|
| • Samfélag | • Gróður og jarðveg |
| • Landnotkun | • Jarðmyndanir |
| • Fornleifar | • Vatnafar |
| • Dýralíf | • Sjónræn áhrif |

Val á þessum umhverfispáttum byggist á greiningu á því hvað þættir umhverfisins gætu orðið fyrir áhrifum vegna deiliskipulagsins. Greint verður frá mögulegum mótvægisáðgerðum og vöktun ef í ljós kemur að umhverfisáhrif í einhverjum af áðurtöldum páttum eru talin veruleg.

9. Viðmið

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar verður gerður samanburður við Áúllkost, ñsem felst í því að engar breytingar verði gerðar á núverandi vegi)

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum verða byggðar á þremur meginpáttum:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfispætti.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir, sbr. kafla um kynningu og samráð.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti verður stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir. Í töflu 10-1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á deiliskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagstillagan hefur í för með sér.

Umhverfisþættir	Umhverfisviðmið
Samfélag	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá kafla II.1 um heilnæmt andrúmsloft. Vegalög nr. 80/2007. Einkum 1. gr. og kafli IX um öryggi vega og umferðar. Samgönguáætlun 2007-2010. Sjá sérstaklega markmið 1.3. um umhverfislega sjálfbærar samgöngur
Landnotkun	Skipulagslög nr. 123/2010 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2000-2016. Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 (í vinnslu)
Fornleifar	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðarleifar, haugar, greftunarstaðir o.s.frv.) skv. 3 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
Dýralíf	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr 6 gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
Gróður og jarðvegur	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur Listi yfir friðlýstar plöntur 37 gr. laga um náttúruvernd Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða.
Jarðmyndanir	37 gr. laga um náttúruvernd. Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Markmið er að fjölbreytni jarðmyndanana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á landsvísi.
Vatnafar	1. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn. 1. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. 1. gr. reglugerðar nr. 797/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun grunnvatns.
Sjónræn áhrif	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.

Tafla 9-1: Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Vægi áhrifa/ Vægis Einkunn	Skýring
Verulega jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands-og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsvert jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Överuleg	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsvert neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Verulega neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrif eru oftast á svæðis-, lands-og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óvissa	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfispætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknnum eða markvissri vöktun.

Tafla 9-2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar

10. Upplýsingaöflun og aðferðarfræði

Við mat á umhverfisáhrifum verður sem fyrr segir unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Framsetning verður í formi texta og/eða venslataflna.

11. Kynning og samráð

Samráð verður haft við Skipulagsstofnun og aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins vegna lýsingar á skipulagsverkefni og um umfang og áherslur umhverfismats deiliskipulagsins, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir. Skipulagslýsing verður auglýst á netinu og aðgengileg íbúum Bláskógabyggðar. Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila á eða fyrir auglýsingartíma aðalskipulagsbreytingarinnar.

Samráð verður haft við eigendur þeirra jarða sem deiliskipulagið snertir.

Samráð verður haft við Helbrigðiseftirlit Suðurlands.

Samráð verður haft við Umhverfisstofnun vegna matslýsingar.

Samráð verður haft við Minjastofnun Íslands.

Samráð verður haft við Vegagerðina vegna hugmynda um breytingu á legu Biskupstungnabrautar.

Samráð verður haft við Skógrækt ríkisins.

Skipulagslýsing verður auglýst í blöðum og gefst íbúum kostur á að kynna sér fyrirhugað deiliskipulag.

Ef þörf reynist á að hafa samráð við aðra en áðurtalda aðila þá verður greint frá því í umhverfisskýrslu.

Tillagan verður kynnt á opnum íbúafundi. Eftir íbúafund verður tillagan auglýst og gefst þá íbúum tækifæri að koma með skriflegar athugasemdir sem sveitarfélaginu ber að svara. Deiliskipulagið verður unnið af Landmótun.

12. Ferlið

Helstu verkferlar sem varða deiliskipulag fyrir Geysissvæðið eru eftirfarandi:

Gerð skipulagslýsingar. Júlí –september 2014

Kynning skipulagslýsingar, til Skipulagsstofnunar auk annarra. September 2014

Auglýsing skipulagslýsingar. September 2014.

Fyrstu drög að deiliskipulagsuppdráttar, greinargerðar og umhverfisskýrslu og kynning og auglýsing tillögu September/desember 2014.

Samþykkt sveitarstjórnar. Desember 2014.


Afgreiðsla Skipulagsstofnunar Desember/janúar 2014

Samþykkt í B-deild. Janúar/febrúar 2015

13. Heimildarskrá

1. Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2000-2016 með síðari breytingum
2. Dr. Helgi Torfason 2013. Geysir í Haukadal: Afstaða hverasvæðis og yfirborðsummerki
3. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana
4. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum
5. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar
6. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd
7. Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum
8. Magnús A. Sigurðsson 2008. Geysir: Fornleifaskráning. Fornleifavernd ríkisins. Reykjavík
9. Náttúrufræðistofnun Íslands 2009. Gróður, fuglar og smádýr á 18 háhitasvæðum: Samantekt á fyrirliggjandi gögnum. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík
10. Náttúrufræðistofnun Íslands 2009. Jarðminjar á háhitasvæðum Íslands: Jarðfræði, landmótun og yfirborðsummerki jarðhita. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík
11. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík
12. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík
13. Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. Reykjavík
14. Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn
15. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns
16. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns
17. Skipulagslög nr. 123/2010.
18. Umhverfisstofnun 2014. Náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun. Reykjavík.

14. Viðauki



Mynd 14-1. Rauð lína gefur hugmynd um fjarsvæði / athugunarsvæði / áhrifasvæði deiliskipulagsins. Nærsvæði deiliskipulagsins er innan þeirra marka sem gula línan sýnir.